

Ályktun stjórnar Skólastjórafélags Reykjaness

Stjórn Skólastjórafélags Reykjaness lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu sem komin er upp í samningaviðræðum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara. Ef ekki semst fljótlega mun það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir starfið í grunnskólum landsins. Nú þegar hafa fjölmargir kennarar sagt upp störfum.

Nauðsynlegt er að bæta kjör kennara verulega og meta ábyrgð, menntun og umfang starfsins til launa. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar að vel takist til þar sem menntun er ein af grunnstoðum samfélagsins.

Stjórnin skorar á sveitarstjórnir og bæjaryfirvöld að beita sér fyrir því að samið verði við kennara þannig að grunnskólakennarastarfið verði samkeppnishæft á vinnumarkaði

Stjórn Skólastjórafélag Reykjaness;

Elín Yngvadóttir, Grunnskóla Sandgerðis
Halldóra K. Magnúsdóttir, Grunnskóla Grindavíkur
Hilmar Björgvinsson, Lindaskóla Kópavogi
Solveig Ólöf Magnúsdóttir, Varmáskóla Mosfellsbæ
Valdimar Víðisson, Öldutúnsskóla Hafnarfirði